

**Fyrirspurnir og svör 5. júlí 2022:**

1) Óskað er að frestur verði framlengdur til 31. júlí 2022.

**SVAR:** Frestur til að senda inn tilboð hefur verið framlengdur til og með 31. júlí 2022.

2) Í gögnum kemur ekki fram að það eigi að leggja neitt til í að breyta húsnæði að innan. Getur verið að það eigi að bjóða uppá sérhæfð líknarrými í fjölbýlum?

**SVAR:** Verksali ræður hvernig hann nýtir rýmið og þá hvort og hvenær hann kys að hafa í notkun tvíbýli.

3) Salernin eru einnig alltof fá miðað við fjölda skjólstæðinga/sjúklinga? Á ekki að kosta neinu til til að fjölga þeim?

**SVAR:** Ríkið ábyrgist að húsnæðið uppfylli tilskilin leyfi. Komi í ljós á síðari stigum að þess verið krafist að fjölga salernum, þá mun það verða gert.

4) Ekkert er minnst á hvíldarinnlagnir/innlögn vegna verkjastillingu fyrir þennan hóp. Vantar það ekki í gögnin?

**SVAR:** Í bráðarýmnum er gert ráð fyrir tímabundinni innlögn, að hámarki tvær vikur. Í almennri líknarþjónustu getur verið um að ræða innlögn til skamms tíma, þar með talin verkjastilling, allt eftir ástandi og líðan sjúklings á hverjum tíma.